

BORGARRÁÐ 5. júlí 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Flokki fólksins og Sósíalístaflokks Íslands um að útsend dagskrá ráða og nefnda verði aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar fyrir fundi - R18070039

Borgarráð samþykkir að hér eftir verði útsend dagskrá í ráðum og nefndum á vegum borgarinnar aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar fyrir fundi. Hingað til hefur dagskráin einungis verið send á ráðsmenn og starfsmenn ráða og nefnda en ekki verið aðgengileg almenningi. Sú tilhögun að birta dagskrána á vef borgarinnar eykur gagnsæi og er í anda góðrar og vandaðrar stjórnsýslu.